

Aðalfundur Foreldrafélags Menntaskólans á Egilsstöðum fyrir skólaárið 2017-2018.

Haldinn kl 18:45 sunnudaginn 26. ágúst á sal skólans.

Fundargerð.

a) Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Arnar Sigbjörnsson áfangastjóri kosinn fundarstjóri og Árni Ólason fundarritari.

b) Skýrsla stjórnar um störf hennar og starfsemi samtakanna.

Steinunn talaði um helstu stefnumál foreldrafélagsins. Þau eru helst stuðningur í formi foreldraröls í böllum á vegum skólans sem og fjárstyrkur vegna edrúpotts sem veittur var til þeirra nemenda sem blésu sig edrú inná.

Valkrafa var send á foreldra 1.000 per einstakling og Arion banki hefur styrkt valkröfurnar.

Markmiðið er að stefna að því að blása alla inn á böll. Þar þarf að stíga skref til að hlutir gangi.

Sjö fundir haldnir á síðasta ári.

Áfengismenningin hefur batnað mjög síðustu árin en það er brýnt skólinn standi eins vel að þessum málum og hægt er.

c) Ársreikningar.

Tekjur skólaársins 2017-18 voru kr 214.152, gjöld voru kr 231.550 og hagnaður ársins 17.398.

Staða efnahagsreiknings um síðustu áramót var 163.721 og núverandi staða á reikningi er um 40.000 í plús.

Staðan nú er rúmlega 40.000 á reikningi foreldrafélags fyrir starf haustsins.

Nemendur hafa leitað eftir styrkjum vegna einstakra mála ss kostnaðar vegna fyrirlestra en annars lítil trafík á reikningi.

d) Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning.

Umræður voru engar um reikninga félagssins og hann samþykktur samhljóða.

e) Lagabreytingar.

Þær voru engar.

f) Kosning stjórnarmanna.

Steinunn formaður gengur úr stjórn og Bergrún Arna Þorsteinsdóttir kemur inn í stað hennar sem aðalmaður.

Áfram eru í stjórn Björn Ingimarsson, Guðfinna Erlín Stefánsdóttir og Guðný Drífa Snæland. Þórey Eiríksdóttir og Snædís Róbertsdóttir eru varamenn.

g) Kosning skoðunarmanna reikninga.

Eygló Ægisdóttir og Hilmar Gunnlaugs eru áfram skoðunarmenn reikninga.

Fleira ekki, fundi slitið kl 19:30. Fundargerð ritaði Árni Óla

